

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/657****2021/EES/71/39**

frá 15. maí 2020

**um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) <sup>(1)</sup>, einkum 35. gr. (þriðju undirgrein 10. mgr), 244. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.) og 245. gr. (annarri undirgrein 6. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í portúgölsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 <sup>(2)</sup> eru hugtakavillur í allri gerðinni og í viðaukunum.
- 2) Í sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 eru villur í I. viðauka, þætti SR.22.03.01 og S.35.01.04, og í II.viðauka, þætti S.22.03, að því er varðar tegund vaxta, og í II. viðauka, þætti S.26.03, að því er varðar framsetningu á prósentustigi.
- 3) Því ætti að leiðrétta portúgölsku og sænsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna)**2. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna)**3. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 155, 18.5.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stj. 335, 17.12.2009, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stj. 347, 31.12.2015, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---